

Suðurnesjabær  
Jón Ben Einarsson  
Sunnubraut 4  
250 Garður

Reykjavík 8. apríl 2020  
UST202003-618/A.B.  
10.00

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024 og nýtt deiliskipulag - Leikskóli við Byggðaveg í Sandgerði**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Suðurnesjabæjar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir leikskóla við Byggðaveg í Sandgerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 1 ha svæði við Byggðaveg er skilgreint fyrir þjónustustofnanir þar sem gert er ráð fyrir leiksskóla(L3). Opið svæði til sérstakrar nota minnkar sem því nemur.

Auk þess kemur fram að í deiliskipulagstillöggunni verður m.a. fjallað um stærð byggingar, bílastæði og aðkomu.

**Fuglasvæði**


Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið sem er hér til umfjöllunar liggur að mikilvægu fuglasvæði sem nefnist Rosmhvalanes samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>). Þar er langstærsta sílamáfsvarp landsins, rúmlega 40 þúsund pör árið 2004 og eru mörkin miðuð við meginútbreiðslu þess það árið (<https://www.ni.is/node/14446>).

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin séu áhrif breytinganna á fuglasvæðið.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur